

Berglind Rós Magnúsdóttir

Makalausar formæður

Sviptingar í lífi fyrirkvemma í kjölfar skilnaðar
Kristrún Tómasdóttir Hallgrímsson (1878–1959)
og Ingibjörg Hjartardóttir Líndal (1884–1969)¹

Inngangur

Við vorum tvö föðurlaus frændsystkin sem ólumst upp hjá móðurforeldrum okkar að Hraunum í Fljótum. Fósturmóðir mín og amma, Rósa Pálmadóttir, lýsti feðrum okkar sem vöskum sjómönnum sem létu sér fátt fyrir brjósti brenna. Hún hafði ekki kynnst þeim mikið því að sambönd þeirra við mæður okkar voru stutt en hún talaði einkar fallega um þá báða. Ekki voru til myndir né nokkuð annað sem ég gat tengt við föður minn. Ég var þó heppnari en fósturbróðir minn því að vorið sem ég varð átta ára hringdi faðir minn og boðaði komu sína. Hann hafði ákveðið að endurskoða lífsgildi sín og þar á meðal að sýna ábyrgð sem faðir. Það var mikill spenningur á heimilinu og mitt litla sjálf varð snögglega miðpunktur í umræðum heimilisfólksins.

Þessi ókunni maður heilsaði mér með spurnaraugum og talsverðu óöryggi. Hann skoðaði mig í krók og kring til að átta sig á því hvort ég væri með ákveðin ættareinkenni, hvort ég væri í raun og veru dóttir hans. Á meðan á dvölinni stóð tjáði hann mér hvaðan ég hefði ákveðin útlitseinkenni og léði sögunum virðulegan blæ þannig að á þeim mátti skilja að þetta væri ekki bara eitthvert fólk, heldur merkilegt fólk sem hefði sett svip sinn á mannlífið. Fólk sem ætti sér sögu sem mikilvægt væri að þekkja og tengja sig við. Meðal þess voru ömmur með píanófingur. Ári síðar sendi hann píanó norður í Hraun en ég man ekki eftir því að hafa séð

¹ Ég vil sérstaklega þakka föður mínum, Magnúsi Hjartarsyni, og frændfólki: Árna Tómasi Ragnarsyni, Þóru Elfu Björnsson, Hjördísi, Sigrúnu og Aldísi Aðalbjarnardætrum, Kristrúnu Benediktisdóttur, Páli Benediktssyni og Gunnari Bjarnasyni fyrir fróðlegar og gefandi samræður um formæður mínar. Eins vil ég þakka ritrýnum og þeim fjölmörgu sem lásu kaflann yfir á fyrri stigum, svo sem Gerði G. Óskarsdóttur og Kristínu Indriðadóttur.

slíkt hljóðfæri á öðrum bæjum í sveitinni. Hann sendi mér jafnframt bækur og tónlistarefni og kom reglulega í heimsókn. Þannig hafði þessi óþekkti maður kippt litlu sveitastelpunni inn í nýjar orðræður og viðmið um hvers konar þekking og færni skipti máli.

Foreldrar föður míns voru Hjörtur Halldórsson, rithöfundur og þýðandi, einleikari á píanó og síðar tónlistarkennari í Menntaskólanum í Reykjavík, og Unnur Sylvía Árnadóttir, kvennaskólagengin sem starfaði sem röntgentæknir á Landakots- og Landspítala. Pabbi bar augljóslega mikla virðingu fyrir ömmum sínum sem báðar spiluðu á hljóðfæri. Þær áttu það jafnframt sameiginlegt að hafa orðið makalausar og einstæðar með ung börn sín og siglt til Vesturheims í kjölfar hjónabandsslitanna. Þær eru meginefniviður þessarar frásagnar. Mamma Hjartar afa míns hét Ingibjörg Hjartardóttir Líndal (1884–1969) og mamma Unnar ömmu minnar hét Krístrún Tómasdóttir Hallgrímsson (1878–1959). Báðar voru þær fæddar í kringum 1880 og voru því á fertugsaldri þegar kosningaréttur kvenna var lögfestur.

Kenningar og aðferðir

Algengt er að ævisögur gefi í skyn að afdrif mótist fyrst og síðast af einstaklingsbundnum verðleikum.² Í þeim tilfellum eru félagslegir þættir sem varpa ljósi á hvernig efnahagur, tengsl og menningararfur kynslóðanna hafa áhrif á velgengni eða hrakföll fólks jafnarsettir og jafnvel útilokaðir. Þá eru ótalin atriði sem varða þætti eins og kynferði og búsetu. Hugmyndin um ævisöguna mótaðist af karllægum viðmiðum valdakerfis þar sem hún hafði það meginhlutverk að auka orðstír karla sem tilheyrðu ákveðinni stétt³ og í henni fengu konur í besta falli það hlutverk að varpa ljósi á drengskapinn, gleðimanninn eða gáfumanninn. Það átti við óháð stétt, menntun eða verðleikum kvenna. Þeirra lífshlaup gat sjaldnast talist jafnmerkilegt eða -mikilvægt til frásagnar.⁴

Í greiningu minni hér á eftir styðst ég við grunnhugtökin *habitus*, auð (e. *capital*) og vettvang (e. *field*) úr kenningasafni Pierre Bourdieu. Hann hafnaði hugmyndum um einstaklingseðli og -virkni óháð þjóðfélagslegum

2 Pierre Bourdieu, *Sketch for a Self-Analysis*, Cambridge: Polity Press, 2007.

3 Sama heimild.

4 Í þessu samhengi má benda á áhugaverða umfjöllun Ragnhildar Richter um hvernig rit kvenna um eigið líf gátu ekki talist „raunverulegar sjálfsævisögur“ því að þær skorti ýmsa þætti sem einkennu sjálfsævisögur karla. Ragnhildur Richter, *Lafað í vöndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997.

formgerðum og lagði í staðinn áherslu á samspil mótunarhyggju (e. *constructivism*) og formgerðarhyggju (e. *structuralism*). Hið félagslega samhengi sem einstaklingur lifir og hrærist í frá blautu barnsbeini mótar andlegar formgerðir (*habitus*). Ákveðin færni og beiting, s.s. líkamstjáning og málnotkun, verður einstaklingi svo inngróin að hann beitir henni umhugsunarlaust. Þeir sem hafa fengið svipaða innrætingu út frá ákveðnum forsendum eru flokkaðir saman í stéttir en að sjálfsögðu eru engir tveir einstaklingar með nákvæmlega eins *habitus* því að ótal aðrir þættir móta bæði verund og vitund.⁵ Þessi „innhverfing“ krefst mikils tíma og markast af þeim menningarlega, félagslega og efnahagslega auði sem uppalandur og nánasta samferðafólk er með í farteskinu. *Habitus* þróast og breytist en „lengi býr að fyrstu gerð“ og viðbrögð okkar við nýjum aðstæðum litast af persónulegri reynslu okkar og sögu.

Ríkjandi menningarauður er sá menningarlegi „löggilti“ (e. *culturally authorized*) smekkur, neyslumynstur, eiginleiki, þekking, hegðun, hæfni og viðhorf sem má segja að holdgerist í *yfirstéttar-habitus*. Námsgráður og viðurkenningar eru dæmi um formlega löggildingu á menningaraudi sem er þó misjafnlega verðmætur eftir því um hvaða vettvang í samfélagsformgerðinni er að ræða. Í þriðja lagi hefur menningarauður hlutbundna vídd í formi eigna, t.d. í „menningarlega löggiltum“ listaverkum, bókum og hönnun. Menningarauður tengist stéttarstöðu og því meiri auði sem einstaklingar hafa yfir að ráða innan tiltekins vettvangs því líklegri eru þeir til að öðlast vægi (eða „rödd“) til að endurskapa eða umbreyta þeim valdatengslum sem þar eru við lýði.⁶ Bourdieu notar hugtakið „táknrænn auður“ um þá stöðu sem forréttindastéttir skapa sér með þekkingu sinni á þeim vettvangi sem þær tilheyra og þeim leikreglum sem þar gilda.⁷ Allir neyta einhvers konar menningar, í gegnum áhugamál, skólagöngu og uppeldi, en það er ákveðinn *habitus* sem auðveldar fólki framtíðaraðgengi að virðingu og völdum. Forréttindastéttir móta sjálfsmynd sína í ákveðinni andstöðu eða táknrænni glímu við þær stéttir sem teljast menningarlega „óæðri“ og beita ýmsum aðferðum, meðvitað og ómeðvitað, til að greina sig frá þeim.

5 „... the mental structures through which they apprehend the social world, are essentially the product of the internalization of the structures of that world.“ Pierre Bourdieu, „Social Space and Symbolic Power“, *Sociological Theory* 7, (1/1989), bls. 14–25, hér bls. 18.

6 Pierre Bourdieu, *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste*, Cambrigde: Harvard University Press, 1984.

7 Pierre Bourdieu, „Social Space and Symbolic Power“, bls. 20–21

Hin „löggilta“ menningarneysla á hverjum tíma tengist efnahagslegri stöðu að því leyti að hún ræðst af því hversu mikinn tíma og aðgengi börn fá til að byggja upp menningaraud sinn. Misjafnt er hvort uppaldur geta fengið aðstoð ættingja og vina eða keypt aðra hæfa til verksins ef þeir hafa sjálfir takmarkaðan tíma.⁸ Á hinn bóginn tryggir góður fjárhagur ekki aukinn menningaraud. Hinir nýríku eða þeir sem nýlega hafa færst upp um stétt þekkja síður þær viðurkenndu leikreglur sem þar eru viðhafðar enda hafa þeir ekki endilega fengið tækifæri til sams konar menningarmótunar og tengslamyndunar frá barnsaldri. Þess vegna lagði Bourdieu áherslu á að skoða stéttir, ekki eingöngu í samtímanum, heldur einnig sögulega.⁹ Þeir sem hafa tilheyrt forréttindastétt um margra kynslóða skeið tilheyra því annars konar stétt en þeir sem eru fyrstu kynslóðar efristéttungar.¹⁰

Hugtakið félagsauður í skilningi Bourdieu er mikilvægt í greiningu minni en það nær yfir það samsafn bæði virkra og mögulegra bjargráða sem einstaklingur hefur aðgang að í gegnum sambönd sín við fólk.¹¹ Auðurinn er háður stærð tengslanets einstaklings sem og menningar-, félags- og fjárhagsauði þeirra sem netið nær til.¹² Dæmi um þetta eru ættartengsl en á Íslandi hafa þau í aldaraddir haft afgerandi áhrif á félagsauð fólks.

Kynferði (e. *gender*), ásamt stétt, er að mati Bourdieu einn afdrifaríkasti þátturinn í *habitus* einstaklinga og hefur ekki síður en stéttarstaða mótandi áhrif á tungutak, viðhorf, smekk og líkamstjáningu.¹³ Kynferði og stétt eru t.a.m. þær bakgrunnsbreytur sem taldar eru hafa mest skýringargildi hvað varðar náms- og starfsval.¹⁴ Hér verður leitast við að varpa ljósi á hvernig

-
- 8 Berglind Rós Magnúsdóttir, „Námshæðun leiðtoga í unglingsbækk í ljósi rannsókna og kenninga um menningaraudmagn“, *Tímarit um menntarannsóknir* 3 (2006), bls. 42–59.
- 9 Elliot B. Weininger, „Foundations of Pierre Bourdieu’s class analysis“, í *Approaches to Class Analysis*, ritstj. Erik Olin Wright, Cambridge: Cambridge University Press, 2005, bls. 82–118.
- 10 Eins og stór hópur millistéttunga á Íslandi í gegnum námsgráður sínar.
- 11 Ólafur Páll Jónsson, *Lýðræði, réttlæti og menntun*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 75. Inntakið má t.d. finna í Pierre Bourdieu og L. Wacquant, *An Invitation to Reflexive Sociology*, Chicago: University of Chicago Press, 1992, bls. 119.
- 12 Pierre Bourdieu, „The Forms of Capital“, *Handbook of Theory of Research for the Sociology of Education*, ritstj. J. E. Richardson, Greenwood: Greenwood Press, 1986, bls. 241–258.
- 13 Pierre Bourdieu, „Masculine Domination: Permanence and Change“, *The RoutledgeFalmer Reader in Gender and Education*, ritstj. Madeleine Arnot og M. Mac An Ghaill, New York: Routledge Falmer, 2006, bls. 91–99.
- 14 Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, „Kynbundin sýn á grunnskólakennarastarfið“, *Kynjamyndir í skólastarfi*, ritstj. Steinunn Helga Lárusdóttir, Þórdís Þórðardóttir og Arna H. Jónsdóttir, Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 2005, bls. 55–66; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, „Ólík hugsun um störf eftir kynferði“, *Rannsóknir í félagsvísindum* V, ritstj. Úlfar Hauksson og Friðrik H. Jónsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, bls. 193–206.

kynferði formæðra minna dró verulega úr möguleikum þeirra þótt önnur væri upprunalega úr hefðarslektum samfélagsins (Kristrún) en hin giftist inn í slíka stétt (Ingibjörg). Enn fremur er hér fjallað um hversu afdrifaríkt það reyndist þeim að verða makalausar í samfélagi sem gerði eingöngu ráð fyrir virkni og völdum karla á opinberum vettvangi.

Á þessum tíma, ekki síður en nú, sátu konur ávallt skör lægra en karlar úr sömu stétt. Kvenkyni, rétt eins og öðrum kynþáttum en hvítum, fylgja skilgreindir útlitsþættir sem hafa haft neikvæða merkingu (e. *stigma*) í táknkerfi samfélaga og dregið verulega úr möguleikum kvenna til að afla sér táknræns auðs.¹⁵ Á tímum þessara formæðra minna var stigmað ekki eingöngu bundið við dulin táknkerfi heldur voru í gildi lögformleg til-mæli sem útilokuðu konur og skilgreindu þær sem óæðri. Á okkar tímum birtist þessi skerta valdastaða með óformlegri hætti, s.s. í kynbundnum launamun innan sömu fagstéttar, orðavali um heiti kynjaðra unaðsvaka¹⁶ og undirliggjandi hugmyndum um leiðtogahæfileika¹⁷ eða greind¹⁸ svo fátt eitt sé nefnt. Snilli- og sköpunargáfan er enn í dag að mestu eignuð körlum, eins og sjá má á því hverjum hlotnast æðstu metorð í vísindum og listum, enda þótt aragrúi rannsókna hafi hrakið staðhæfingar um að verulegur munur sé á heilastarfsemi karla og kvenna¹⁹ og möguleikar kvenna til formlegrar menntunar hafi opnast á öllum sviðum.²⁰

Ég kýs að fjalla um tvær ættir með meginsjónarhornið á lífshlaup formæðra minna sem báðar fæddust um 1880. Á töflunni á næstu síðu má sjá gróft yfirlit yfir lífshlaup þeirra:

15 Pierre Bourdieu, „Masculine Domination: Permanence and Change“, bls. 91–99, hér bls. 95.

16 Berglind Rós Magnúsdóttir, „Hvar er drottningin? Orðræðan um kynfrumur og kynfæri mannsins í fræðitextum og kennslubókum“, *Uppeldi og menntun* 11 (2002), bls. 263–278.

17 Berglind Rós Magnúsdóttir, „Námshegðun leiðtoga í unglingsbökk í ljósi rannsókna og kenninga um menningaraudmagn“, *Tímarit um menntarannsóknir* 3 (2006), bls. 42–59.


18 Berglind Rós Magnúsdóttir, „Ég veit alveg fullt af hlutum en ...“: Hin kynjaða greindarorðræða og birtingarmyndir hennar meðal unglunga í bekkjardeild“, *Kynjamyndir í skólalastarfi*, ritstj. Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir, Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 2005, bls. 171–196.

19 Raewyn Connell, *Gender: In World Perspective*, Cambridge: Polity, 2009.

20 Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, „Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum“, *Kynjamyndir í skólalastarfi*, ritstj. Steinunn Helga Lárusdóttir, Þórdís Þórðardóttir og Arna H. Jónsdóttir, Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 2005, bls. 199–219; Berglind Rós Magnúsdóttir, „Ég veit alveg fullt af hlutum en ...“: Hin kynjaða greindarorðræða og birtingarmyndir hennar meðal unglunga í bekkjardeild“.

Berglind Rós Magnúsdóttir

Tafla: Yfirlit yfir sameiginlega þætti í lífshlaupi Krístrúnar og Ingibjargar.



Það styrkir þær aðferðafræðilegu forsendur sem grein þessi byggist á að þær Ingibjörg og Krístrún voru uppi á svipuðum tíma en það tryggir að saga þeirra nýtist til greiningar á félagslegum og kynjuðum formgerðum samfélagsins og gerir mér kleift að forðast að einstaklingsgera þætti sem eiga sér samfélagslegar skírskotanir. Báðar skildu þær við menn sína árið 1920, sem hafði í för með sér gagngerar breytingar á högum þeirra og svo dramatískar að örfáum árum síðar fluttu þær úr landi, tilbúnar að yfirgefa, a.m.k. um stundarsakir, sum barna sinna í þeirri von að eignast betra líf í Ameríku. Hér er því um félagsfræðilega greiningu að ræða, ekki síður en sögulegt yfirlit, á lífshlaupi þeirra Krístrúnar og Ingibjargar.

Kristrún Tómasdóttir Hallgrímsson (Dúna)

Habitus efri stéttar

Hvernig ætli hafi verið að alast upp sem efristéttarstúlka undir lok 19. aldar, í samfélagi þar sem þátttaka kvenna á hinu æðra sviði lista, vísinda, stjórn mála og viðskipta var takmörkuð? Í stað þess að verja tíma sínum í vinnu, eins og flest börn á hinu fátæka Íslandi, voru skyldur Kristrúnar fólgnar í því að æfa sig á píanóið, læra útsaum og vefnað, lesa bækur, hlusta á tónlist og tileinka sér heldri barna siði. Hún tamdi sér að halda ávallt stillingu sinni út á við, sama á hverju gekk, og hafa hemil á neikvæðum og erfiðum tilfinningum. Hún þótti kurteisari en allt sem kurteist var.²¹

Ásta Júlía, móðir Kristrúnar, var dóttir verslunarstjóra hjónanna í Húsinu á Eyrarbakka, þeirra Guðmundar Thorgrímsens (d. 1895) og Sylvíu Nielsen (d. 1904), verslunarstjóradóttur frá Húsavík.²² Sylvia flutti tónlistarhefðina með sér í Húsið á Eyrarbakka því henni hafði hlotnast tækifæri til að læra píanóleik í Kaupmannahöfn. Þegar Thorgrímshjónin settust að í Húsinu fluttu þau með sér píanó.²³ Samkvæmt heimildum frá Ásgrími Jónssyni listmálara og Páli Ísólfsyni²⁴ var öflugt menningarlíf í Húsinu og að mati Ásgríms „er það vafamál hvort söngur og tónlist annars staðar á landinu hafi verið í meiri hávegum höfð um þetta leyti. Líklega hefur það verið frú Sylvia Thorgrímson sem hratt þessari öldu af stað.“²⁵ Sylvia veitti öllum börnum sínum tónlistaruppeldi sem fólst einkum í píanóleik og söng en Ásta Júlía, yngsta barnið, þótti hafa einkar fallega söngrödd.

Thorgrímshjónunum í Húsinu og Jóni Sigurðssyni forseta var vel til vana og Ásta Júlía dvaldi um tíma á heimili þeirra Jóns og Ingibjargar konu hans þegar hún var við nám í Kaupmannahöfn. Þannig má skýra hvernig það kom til að Ásta Júlía, sem var ein af þeim íslensku heldri-

21 Lýsing Kristrúnar Benediktsdóttur barnabarns (Kristrún Benediktsdóttir, 12. febrúar 2015).

22 Foreldrar hennar voru Níels Nielsen (1795–1844) og Guðrún Jónsdóttir (1797–?) frá Illuga-stöðum í Fljótum.

23 Vigfús Guðmundsson hefur meira að segja orð á því að Sylvia, þessi „merkis og gæða kona“, hafi verið „engu síðri að háttprýði og höfðingsskap en maður hennar“. Vigfús Guðmundsson, *Saga Eyrarbakka*, árg. I, Reykjavík: Víkingsútgáfan, 1945–1949, bls. 333.

24 Eftir Páli Ísólfsyni er haft: „Í Húsinu heyrði ég fyrst píanóleik og varð í senn undrandi og glaður yfir þessum töfratónum.“ Matthías Johannessen, *Hundaþúfan og hafði: Matthías Johannessen ræðir við Pál Ísólfsyn*, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1961, bls. 45–46.

25 Ásgrímur Jónsson og Tómas Guðmundsson, *Myndir og minningar*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1956, bls. 46–47.

mannastúlkum sem hafði fengið tækifæri til söng- og tónlistarnáms, söng fyrst kvenna einsöng opinberlega hérlendis og það við jarðarför Jóns Sigurðssonar.²⁶ Krístrúna bauðst enn meira nám en móður hennar. Hún nam við Kvennaskólann í Reykjavík 1894–1895 og lærði þar matseld og textíl en síðan tónlist í Kaupmannahöfn og lauk þaðan einleikaraprófi á píanó. Langamma mín, Krístrún Tómasdóttir Hallgrímsson, fékk því ríkulegt menningaruppeldi.

Ásta Júlía (1857–1942) giftist Tómasi Hallgrímssyni²⁷ lækni (1842–1893), sem síðar var skipaður fyrsti læknakennarinn við nýstofnaðan læknaskóla í Reykjavík. Hún varð ekkja rúmlega fertug. Í kjölfarið setti hún á fót matsölu við Templarasund 3 sem hún rak allt til 1930 í húsinu sem síðar var kennt við veitingastaðinn Við Tjörnina.²⁸ Krístrún var því 15 ára þegar hún missti föður sinn og ári síðar hélt hún til Kaupmannahafnar til að stunda tónlistarnám og dvaldi þar að mestu næstu árin. Hún kom fyrst fram sem píanóleikari opinberlega á skemmtun í Iðnu um aldamótin 1900, þá 22 ára gömul.²⁹ Árið 1902 er fjallað um hana sem helsta píanóleikara þjóðarinnar „sem oft kom fram á tónleikum sem einleikari og undirleikari“.³⁰ Af stöðum sem hún kom fram á má nefna Hótel Ísland þar sem hún lék um tíma með hljómsveit Oscars Johansen og Gamla bíó þar sem hún lék undir í þöglum myndum.³¹ Eins þótti hún listaskrifari og vann við ritun ýmissa skjala fyrir Stjórnarráðið.³² Þó að konur öfluðu sér

26 Þar flutti hún sorgarljóð Matthíasar Jochumssonar ásamt Steingrími Johnsen sem Ólufa Finsen samdi í minningu Friðriks VII Danakonungs. Sigurlaug Arnardóttir, „Glæstar en gleymdar: Huldukonur í íslenski tónlist“, MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2012.

27 Hallgrímur var sonur Jóns prests á Hólum í Reyðarfirði sem var sonur Jóns í Reykjahlíð. Krístrún Jónsdóttir frá Grenjaðarstað giftist Hallgrími eftir að hafa verið heitbundin Baldvini Einarssyni í mörg ár.

28 Algengt var á þessum tíma að ekkjur og einstæðar mæður, eða konur sem þurftu að drýgja lélegar tekjur eiginmanna, framfleyttu sér sem matseljur. Ásta naut jafnframt styrks frá Alþingi til að kenna matreiðslu enda útlærð í fínustu kvennaskólum Kaupmannahafnar. Anna Sigurðardóttir, *Vinna kvenna í 1100 ár, Úr veröld kvenna II*, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1985.

29 Nánar tiltekið 11. mars á svokölluðu Jónasar Hallgrímssonar kvöldi (til ágóða fyrir minnisvarða um hann). „Þar kom frk. Krístrún Hallgrímsson fram ásamt tveimur karlmönnum og spiludu þau sexhent saman á píanó og harmóníum verkið „Pavane“ sem er gamalt franskt danslag frá 16. öld.“ Ingólfur Kristjánsson, *Harpa minninganna: Árni Thorsteinsson*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1955, bls. 390.

30 Viðburðir í íslensku tónlistarlífi 1840–1929. Sótt af <http://www.musik.is/Saga/tsagaII.html>

31 Árni Tómas Ragnarsson, viðtal 15. júlí 2015.

32 Björg Einarsdóttir, *Hringurinn í Reykjavík: Stofnadir 1904 – Starfssaga*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002.

Makalausar formæður



Lengst til vinstri er Þóra Matthíasdóttir (Jochumssonar), næstar henni eru formæður mínar, mæðgurnar Kristrún Hallgrímsson og Ásta Hallgrímsson Thorgrímson. Sú sem stendur fyrir miðju er Kristín Vídalín Jacobsen, formaður Hringsins, en við hlið hennar eru Ingibjörg Brands sundkennari, Ragnheiður Hall Jónasson, Elín Matthíasdóttir (systir Þóru) og loks Fredrike Eggerz. (Ljós. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.)

menntunar og næðu afburðaárangri á sínu sviði var ekki gert ráð fyrir því að þær gætu nýtt sér slíkan auð á opinberum vettvangi í sama mæli og karlar og alls ekki eftir að þær festu ráð sitt. Kristrún hætti að koma opinberlega fram á tónleikum eftir að hún giftist og eignaðist börn.

Myndin hér fyrir ofan er tekin á 24. fundi kvenfélagsins Hringsins og varpar ljósi á *habitus* mektarkvonna á Íslandi árið 1905. Formaðurinn, Kristín Vídalín Jacobsen, stendur fyrir miðju. Kristrún er með hvítan dúk í kjöltu sér og við hlið hennar heldur Ásta Júlía móðir hennar á bók. Báðar voru stofnfélagar Hringsins en hann var ekki síður stofnaður til að efla menningar- og listalíf borgarinnar en í kringum góðgerðarstarfsemi. Fyrirmynd íslenska Hringsins var hinn danski Cirklen sem var klúbður listakvonna, skáldkvonna, rithöfunda og blaðkvonna í Kaupmannahöfn.³³

33 Sama rit.

Hringurinn var því mikilvægur vettvangur til að rækta og festa í sessi félagsauð kvenna sem vildu aukið kvenfrelsi, velferð og ríkara menningarlíf á forsendum kvenna. Myndin af þessum fundi endurspeglar þessa menningaráherslu. Konurnar á myndinni aðhafast allar eitthvað; drekka og skenkja kaffi í fagra bolla, lesa, spjalla eða sinna hannyrðum.

Fas, tungutak, æðri menntun, titlar og ættarnöfn voru allt þættir sem afmörkuðu eða skilgreindu stéttarstöðu og voru því birtingarmyndir menningarauðs þess tíma. Ásta Júlía bar þá þegar ættarnafn föður síns en bætti um betur og tók einnig upp föðurnafn eiginmannsins, Hallgrímsson. Hið sama gerði Kristrún en hún tók upp föðurnafn eiginmannsins síðar og varð frú Benediktsson.³⁴

Ásta Júlía var alla tíð mikils metin og ljóst að hún tilheyrði yfirstétt Reykjavíkur.³⁵ Hún gekk í Thorvaldsenfélagið 1880, var stofnfélagi Hringsins og sat í fyrstu stjórn hans 1904–1905.³⁶ Ásta Júlía er talin hafa verið ráðandi persóna í lífi Kristrúnar, m.a. varðandi makaval og lífsstíl og átti eflaust sinn þátt í að Kristrún hafnaði nokkrum vænlegum vonbiðlum enda var hún orðin 34 ára þegar hún giftist Árna.³⁷ Kristrún og Árni bjuggu hjá Ástu Júlíu fyrstu hjúskaparár sín. Kristrún var yngri en hinar konurnar í stjórn Hringsins og hefur eflaust tengst því menningarfélagi fyrst og fremst sem kona menningar og lista. Á fullorðinsárum beitti hún sér ekki markvisst í pólitík eða félagsstörfum líkt og Ásta Júlía.

Á fyrsta áratug nýrrar aldar, þegar Kristrún var á þrítugsaldri, var mikil umræða í íslensku samfélagi um stöðu kvenna. Þjóðernishugmyndir þessa tíma veittu konum litla sem enga hlutdeild í einstaklingsfrelsinu. Andstaðan byggðist á eðlishyggju, þ.e. konum var talið eiginlegt að „þjóna, næra og sýna hógværð“ og það andstætt eðli þeirra að atast í stjórnmálum og nálgast málefni með óhlutdrægum hætti.³⁸ Undirbúningur Kristrúnar fyrir lífið tók bæði mið af hugmyndum um einstaklingsfrelsi og sértækt

34 Bríet Bjarnhéðinsdóttir kallaði sig Ásmundsson en hluti af hennar kvennapólitík var að losa sig undan ættarnafnshefðinni og taka upp föðurnafnið, sjá nánar í Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Bríet Bjarnhéðinsdóttir: Sjálfsvísasaga“, *Merkir Íslendingar*, 6. bindi, ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík: Bókfélagsútgáfan, 1967, bls. 115–129.

35 Þeim hjónum var boðið í fínustu veislur borgarinnar, þ.á m. brúðkaupsveislu Þóru biskups. Sigrún Pálsdóttir, *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastátar*, Reykjavík: JPV, 2010.

36 Björg Einarsdóttir, *Hringurinn í Reykjavík: Stofnaður 1904 – Starfs saga*, bls. 109.

37 Árni Tómas Ragnarsson, viðtal 15. júlí 2015.

38 Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, bls. 178–179.

hlutverk og eðli konunnar sem eiginkonu og móður. Hún fékk að mennta sig og varð afburðalistamaður en slíkur menningarauður nýttist henni þó ekki til frama á hinu opinbera sviði.

Makaval, hjónaband og stéttarósómi

Þótt Krístrún hafi gert allt rétt í ljósi hefðarinnar féll hún þó ekki fyrir heldri manni heldur Árna Benediktssyni, sér miklu yngri manni frá bænum Selárdal í Ketildölum við Arnarfjörð. Hún bætti síðan um betur og varð ólétt af Unni ömmu minni áður en til giftingar kom. Velta má því fyrir sér hvort það hafi orðið til þess að Ásta Júlía, móðir Krístrúnar, hafi séð sig neydda til að samþykkja makavalið. Ömmu mína, Unni Sylvíu Árnadóttur, eignuðust þau þegar Krístrún var 34 ára og Árni 25 ára. Þau höfðu þekkt í tvö ár þegar til giftingar og barneigna kom og bjuggu heima hjá Ástu Júlíu í Templarasundi þegar fyrstu tvö börnin fæddust. Síðar fluttu Krístrún og Árni í Vonarstræti en þegar þau höfðu náð að efnast nokkuð fluttu þau að Stýrimannastíg. Krístrún hafði þar þrjár vinnukonur og Árni ók um á Overland – amerískri drossú.

Leiða má líkur að því að Árni, sem var með erlent verslunarskólapróf,³⁹ hafi notið góðs af félagsauði móðurfjölskyldu Krístrúnar þegar hann fékk leyfi til að stofna heildsölu í Reykjavík. Slíkt leyfi var ekki auðfengið. Eins voru þau upp á Ástu Júlíu komin fyrstu hjúskaparárin. Rekstur fyrirtækis-



Árni Benediktsson. Hann þótti mikið glæsmenni, brúneygður og dökkur yfirlitum. (Ljós. í einkaeigu.)

39 Samkvæmt Páli Benediktssyni dvaldi hann í London við nám (skv. viðtali 17. júlí 2015) en Árni Tómas Ragnarsson taldi það hafa verið á Jótlandi í Danmörku (skv. viðtali 15. júlí 2015). Námið hefur tekið um 1–2 ár. Náms- og ferðakostnaður var greiddur af öldruðum vinnumanni sem var einstæðingur og hafði unnið fyrir foreldra hans í áratugi í Selárdal.

ins virðist hafa farist honum vel úr hendi framan af,⁴⁰ börnunum fjölgaði hratt og fæddust fimm á sjö árum.

Í sögulegu skáldsögunni *Höll minninganna* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, sem skrifuð er frá sjónarhóli Árna, vísar höfundur til reynslu Árna af ólíkum uppruna þeirra hjóna:

Ég undrast það enn hvað mér fannst ég vera vanmáttugur þegar ég stóð fyrir framan þig. Ég hafði alltaf átt auðvelt með að ganga í augun á konum en þú varst öðruvísi. Þær voru flestar alþýðustelpur sem unnu fyrir sér í verslunum, á skrifstofum eða í verksmíðjum, lífsglaðar en ómenntaðar – eins og ég. En þú – þú varst af öðrum heimi.⁴¹

Þarna setur Ólafur Jóhann sig í spor sveitapiltsins sem lýsir upplifun sinni af ólíkri stéttarstöðu. Fólk binst þeim sem eru af sömu stétt og úr svipuðum menningarheimi gjarna vina- og ástarböndum. Mikill stéttamunur í langtímasamböndum er sjaldgæfur þrátt fyrir frelsi fólks til að velja sér maka⁴² og getur valdið tilfinningaflækjum og átökum, ekki síst fyrir þann sem elst upp neðar í stéttarlögunum. Þegar við bætist að konan, sem í karllægu samfélagi á að lúta manni sínum, er bæði eldri og ofar í stigveldinu, vandast málið enn frekar⁴³ eins og í tilfelli Árna og Krístrúnar.

Myndin á næstu síðu sýnir að Krístrún hefur borið stéttarstöðu sína glögggt í háttum, stíl og klæðaburði. Hún var draumórákona sem naut þess að lifa í heimi tónlistar og hámenningar.

Árni var oft og tíðum í viðskiptaferðum og virðist að strax árið 1915, eftir fimm ára samband og þrjú börn, hafi Krístrún verið farin að vantroysta honum. Eitt sinn sinnaðist þeim svo mjög að Krístrún rauk að heiman með börnin til frændfólks að Mosfelli í Mosfellssveit. Árni skrifar í bréfi í júlí 1915:

40 Árni var með viðskiptasambönd í Ameríku strax árið 1915. Hann auglýsir nýtt aðsetur fyrir tækisins 1919 og auglýsir talsvert 1920, virðist þá bæði versla í heildsölu og smásölu; en auglýsing í *Vísni* 7. desember 1920, bls. 4, bendir til þess að þá sé hann einungis með umboð en reki ekki lengur eigin verslun.

41 Þessi tilvitnun er ekki byggð á munnmælum heldur túlkun höfundar á sambandi þeirra. Ólafur Jóhann Ólafsson, *Höll minninganna*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2001, bls. 77.

42 E. O. Wright, „The Continuing Importance of Class Analysis“, *The Way Class Works: Readings on School, Family and the Economy*, ritstj. Lois Weis, New York: Routledge, 2008, bls. 25–43.

43 Eva Illouz, *Why Love Hurts*, Cambridge: Polity Press, 2012.



Til frú Kristrúnar Benediktsson
(9. sept 1906) frá
Matthíasi Jochumssyni

*Þá sjónarsteininn sé ég þinn
mér sýnist opinn himininn
og við mér brosi vinur minn,
sem var mitt ljós og yndi.
Og sjái ég þinn svip og kinn
og svása beyri málróminn,
þá skín og ljómar muni minn
sem morgunsól á tindu.*

Tómas Hallgrímsson, faðir Kristrúnar,
og Matthías Jochumsson voru miklir
vinir en í kvæðinu vísar hann til þess
hversu mikið Kristrún líkist föður
sínnum.

Kristrún Tómasdóttir Hallgrímsson stuttu áður en hún kynntist Árna Benediktssyni. (Ljós. í einkaeigu.)

... Ósköp varstu lengi að skilja það í gærkv. – ef að þú hefur þá nokkur tíma skilið það – að það sem ég er eyðilagður yfir var það hve mikið vantraust á mér, mér fanst skína út úr svo mörgu, jafnvel vel flestu sem þú sagðir, vantraust byggt á grundvelli sem enginn fótur er fyrir ... Góða nótt aftur, litla Dúna mín! Þinn litli drengur, Árni Ben.

Nokkrum mánuðum eftir að Katrín, yngsta barn þeirra hjóna, fæddist (1919) bankaði upp á hjá þeim hjónum sænsk kona að nafni Jenny Olson, þá 22 ára, með nýfætt barn þeirra Árna á handleggnum. Eins og nærri má geta varð uppi fótur og fit.⁴⁴

44 Árni Tómas Ragnarsson (viðtal 15. júlí 2015) segir frá því að Árni og Jenny hafi kynnst og hist svo reglulega þegar hann var í viðskiptaferðum sínum erlendis og hann hafi svo fundið henni tímabundið samastað í Hafnarfirði eftir að hún birtist óvænt á tröppunum á Stýrimannastígnum. Páll Benediktsson segir hana hafa unnið á sjúkrahúsi í Hafnarfirði þegar Dúna komst á snöðir um samband þeirra.



Jenny Olson árið 1915.
(Ljósmynd í einkaeigu.)

Framhjáald eiginmanna var algengt á þessum tíma, óháð aldri og stöðu eigin-kvinnanna, og hafði yfirleitt ekki neikvæð áhrif á félagslega stöðu karla. Árni eignaðist fljótlega annað barn með Jenny en Krístrún ákvað að láta það ekki sundra hjónabandinu. Þegar hún frétti af fátækt og veikindum Jennyar í kjölfar barnsburðarins sendi hún henni peninga fyrir mat og var augljóslega umhugað um líðan hennar. Það hefur líklega aldrei hvarflað að henni að Árni myndi yfirgefa hana og fimm ung börn þeirra til að

hefja nýtt líf með alþýðustúlku.

Árni fór með Jenny til Svíþjóðar og gaf í skyn í bréfi til Krístrúnar að hann væri þar einungis tímabundið til að skapa sér ný viðskiptatækifæri.⁴⁵ Hann skrifar:

Gautaborg 20. júlí 1921

Dúna mín ... Ég bjóst við að alt mundi ganga betur og að ég gæti sent þér peninga þegar í júní og síðan áfram mánaðarlega. Nú gengur alt á tréfótum í staðinn. Ástandið hér fer annars versnandi með hverjum mánuði sem líður. Heim til Íslands hef ég ekkert að gera eins og nú standa sakir ... Fyrir þig og börnin mundi það heldur ekki bæta úr skák þó að ég kæmi heim eins og sakir standa. Ég vona að þú getir kraflað þig fram úr að halda heimilinu við nokkra mánuði ennþá í von um að eitthvað rætist úr fyrir mér. Ég vildi gjarna geta skrifað þér betri fréttir og vona að þú sért ekki svo „naiv“ að halda að þú sért ein um að líða. Guð blessi þig og öll blessuð börnin, Þinn Árni Ben.⁴⁶

45 Árni reyndi að skapa sér ný viðskiptatækifæri á Norðurlöndum án árangurs. Árni Tómas Ragnarsson telur að Ásta Júlía, „the grand old lady“, hafi nýtt hinn mikla félagsauð sinn til að sporna við því og einfaldlega viljað koma þessum manni út úr lífi dóttur sinnar (sbr. viðtal 15. júlí 2015).

46 Bréf í eigu Páls Benediktssonar. Sjá nánar Páll Benediktsson, *Lofthlukkan*, Selfossi: Sæmundur, 2015, bls. 24.

Árni sneri þó aldrei aftur til Íslands og síðla árs 1921 sigldu þau Jenny til New York þar sem þau höfðu stöðu ólöglegra innflytjenda og voru því hvergi á skrá. Í New York sinnu Árni og Jenny þjónustustörfum í húsum auðmanna og bjuggu þá á staðnum (og því ekki saman). Á einni nóttu breyttist Árni úr umsvifamiklum kaupsýslumanni í Reykjavík í einkaþjón bandarískra auðmanna.

Kristrún virtist kenna aðstæðum og viðhorfum almennings um skilnaðinn fremur en persónu Árna sjálfs. Aldrei mátti orði á hann halla í hennar návist.⁴⁷ Að sjá aldrei fram á að geta uppfyllt þær væntingar sem tengdafjölskyldan hafði til hans, hvorki í háttum, eignum eða gildum, hefur eflaust valdið erfiðleikum í hjónabandinu.


Ameríkuferð – Leit að nýju lífi

Árið 1924 – þegar Katrín, yngsta barnið, var fimm ára – ákvað Kristrún að leita nýs og betra lífs í Ameríku⁴⁸ og flutti til móðurbróður síns í Grand Forks í Norður-Dakota.⁴⁹ Hún hefur eflaust látið sér detta í hug að Árni hafi flutt vestur um haf eins og svo margir Íslendingar gerðu á þessum tíma. Unnur amma mín, sem þá var 12 ára, hafði meira og minna alist upp hjá Ástu Júlíu ömmu sinni eftir hvarf föður síns. Benedikt, sem var næstelstur, fór sjö ára gamall vestur í vist til föðurömmu sinnar og -afa og

47 Það er athyglisvert að Kristrún Jónsdóttir (1806–1881), föðuramma Kristrúnar Tómasdóttur, varð einnig ástfangin og heitbundin manni sem sveik hana á endanum og hún brást við því með svipuðum hætti. Sá var Baldvin Einarsson, menntamaður ættaður frá stórbýlinu Hraunum í Fljótum, rétt eins og höfundur. Þau heitbundust stuttu áður en hann hélt út til náms. Hún fór þó fljótlega að tortryggja hann vegna stopulla bréfaskrifta. Líkt og Árni gerði gagnvart sinni litlu Dínu, gaf Baldvin Kristrúnu falskar vonir: „Ekki veit ég ... hvort ég kem þér hingað næsta ár, en það líður þó ekki lengi áður en það skedur ef allt fer og á að fara eins og skal. ... ég faðma þig og kyssi stóran, stóran koss, og guð bið að leiða þig og geyma handa mér.“ Stuttu síðar giftist hann danskri stúlku. Þrátt fyrir það héldu þau áfram að skrifast á og þróa vinasamband þar sem Baldvin fékk meðal annars útrás fyrir gremju sína gagnvart „kerlingarskrattanum“ sem hann giftist og hélt áfram að mæra fornar ástir þeirra Kristrúnar. Kristrún giftist síðar Hallgrími Jónssyni, presti á Hólum í Reyðarfirði, og varð fjögurra barna móðir. Kristrún var rúmliggjandi af sorg árum saman og næsta ófær um að sinna börnum og búi. Jakobína mágkona hennar varð stoð hennar og stytta. Ingunn Þóra Magnúsdóttir, „Kaffibod á himnum: Brot úr ævi þriggja þingeyskra kvenna á 19. öld“, í *Kvennaslóðir: Rit til beiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001, bls. 215–230. Þannig markar saga fyrri kynslóða andlegar formgerðir þeirra næstu.

48 Samkvæmt *Morgunblaðinu* 15. júlí 1924 fer frá Kristrún Benediktsson með Merkúr til Vesturheims ásamt þremur yngri börnum sínum.

49 Sá hét Hans Baagøe Thorgrimsen og var prestur. Þar bjuggu einnig dóttir hans, Esther Marie Thorgrimsen Gíslason, og maður hennar Guðmundur John Gíslason lækni. Hans hélt 18 ára gamall til Bandaríkjanna árið 1872 og var þar einn af fyrstu íslensku landnemunum.



Kristrún ferðbúin með yngri börnin þrjú, þau Ragnar, Ástu og Katrínu, við vegabréfsskoðun til Noregs og þaðan til Bandaríkjanna. (Ljósmynd í einkaeigu.)

var þar í fimm ár að frátalinni stuttri heimsókn til móður sinnar.⁵⁰ Þrjú yngstu börnin tók hún með sér.

Kristrún og börnin sigldu fyrst til Bergen en töfðust þar í margar vikur. Töfin olli því að Kristrún var orðin féllitil við komuna til New York.⁵¹ Af þeim sökum var hún send til Ellis-eyju á Hudson-flóa ásamt börnunum og þurftu þau að dvelja þar í tvær vikur. Í bréfi til Ástu Júlíu, móður sinnar, lýsir hún málsatvikum með eftirfarandi orðum:

... næsta dag var ég ein af þeim mörgu sem var beforderd ud til Ellis Island af því að þeir vildu hafa peningatryggingu eða kaution uppá 500 dollars fyrir að börnin fengju skóla til 16 ára aldurs! Blessaður Páll Linngre reddaði þessu fyrir okkur öllum saman ... Jeg kenni mig varla mann til að fara að rippa upp í allri þeirri elendighed þessa 14 daga eða sólarhringa sem ég var þar en guði sjé lof það er allt liðið og skal jeg seinna segja þjer frá detailes af þeirri veru.⁵²

50 Páll sonur Benedikts lýsir því fjálglega í bók sinni, *Lofklukkan*, hversu mikil umskipti það voru fyrir drenginn að ferðast aftur til landnámsaldar til föðurfóreltra sinna fyrir vestan: „Ekkert rafmagn, engin götuljós, ekkert fólk, aðeins grútur, grámi og galdrar“ (bls. 63). Mesti ógnvaldurinn var hinn forni fjandi Stígvélabokkur, sem ráfaði á einu stígvéli um Selárdal.

51 Gunnar Bjarnason (viðtal 3. júní 2016).

52 Páll Benediktsson, *Lofklukkan*, bls. 26–27. Það er athyglisvert hversu dönsku- og enskuskotna íslensku Kristrún skrifar í þessu bréfi en slíkt var einkum algengt meðal yfirstéttarinnar í Reykjavík.

Íslenski konsúllinn í New York, sem var frændi hennar, leysti hana og börnin úr þessum aðstæðum en „óbreyttir“ innflytjendur hefðu undir sömu kringumstæðum mátt dúsa þarna vikum saman áður en þeir fengju að vita hvort þeim hlotnaðist landvistarleyfi eða þyrftu jafnvel að snúa aftur heim. Frá New York héldu þau með lest til Grand Forks í Norður-Dakóta þar sem séra Hans, móðurbróðir Krístrúnar, bjó. Þar ætlaði hún sér að starfa sem píanókennari en þeir draumar urðu að engu því fátækt var mikil og offramboð á píanókennurum sem höfðu hrakist frá Evrópu eftir fyrri stríð.⁵³ Hvergi fann hún Árna og í þessari ferð neyddist hún til að skilja tvö börn sín eftir, þær Ástu Júlíu⁵⁴ og Katrínu⁵⁵, orðin slypp og snauð. Eftir tæplega árs vist í Ameríku⁵⁶ sneri hún aftur heim til Íslands með Ragnar litla.

Árið 1936 stundaði Benedikt, eldri sonur Árna og Krístrúnar, nám í Danmörku og komst þá á snoðir um verustað föður síns í New York og sendi honum harðort bréf sem hann fékk engin svör við.⁵⁷ Enn einu sinni reyndi Benedikt að skrifa föður sínum og í það skiptið vegna bankareiknings sem fannst í Landsbankanum með innistæðu stílaða á Árna sem hann vildi að móðir sín nyti. Þá loks svarar Árni:

53 Árni Tómas Ragnarsson, tölvupóstur 20. september 2015.

54 Ásta Júlía varð eftir hjá dr. Gíslason-hjónunum (dóttur Hans móðurbróður Krístrúnar og eiginmanni hennar). Þegar Ásta Júlía var táningur buðu þau henni með sér á alþingishátíðina 1930 og í framhaldi af því fékk hún að vera eftir á Íslandi þar sem hún settist að 16 ára gömul. Síðar giftist hún Bjarna Oddssyni og eignaðist með honum fjögur börn. Bjarni var doktor í heilaskurðlækningum og Ásta bjó með honum í Þýskalandi og Danmörku í 11 ár, m.a. á stríðsárunum, og síðan á Íslandi þar til Bjarni lést í bíslýsi 1953. Hún giftist síðan vini hans dr. Jóhannesi Björnssyni lækni en hann lést 1966. Ásta var lengst af heimavinnandi en starfaði eitthvað sem röntgentæknir og síðar sem aðstoðarkona tannlæknis. Gunnar Bjarnason (tölvupóstur 5. júní 2016).

55 Katrín ólst upp hjá Galbraith-hjónunum í Cavalier, sem er í Norður-Dakota, talsvert norðan við Grand Forks. Frú Galbraith var Kötu ekki góð og faldi m.a. bréfin frá Íslandi og sagði Katrínu síðar að hún hafi viljað vernda hana fyrir þessu fólki sem ekki væri treystandi þar sem það skildi börnin sín eftir í útlöndum. Þegar Katrín var 11 ára náði hún að skrifa bréf til móður sinnar og þróað um að fá að komast heim til Íslands. Það varð hins vegar aldrei að veruleika. Katrín strauk að heiman á unglingsárunum eftir að hún fann bréfin frá systkinum og móður uppi á háalofti. Hún fór fyrst til ættingja í Minnesota en fór svo og bjó um tíma með Árna föður sínum og Kurt hálfbróður í New York. Maður Katrínar var sölumaður sem lést nokkrum árum eftir að sonur þeirra Johnny fæddist. Katrín starfaði sem ritari rektors Berkeley-háskóla og fylgdi sama manni síðar sem ritari þegar hann gerðist yfirmaður hjá Carnegie Foundation. Gunnar Bjarnason (tölvupóstur 5. júní 2016).

56 Samkvæmt tilkynningu í *Morgunblaðinu* 3. júní 1925, bls. 4, er hún meðal farþega á Botníu til Íslands þann sama dag.

57 Í september 1938 fékk svo fjölskyldan loks staðfestingu á verustað Árna. Hann komst óvænt í heimsfréttirnar vegna björgunarafreka á West-Hampton-strönd á Long Island þegar ofsaveður skall á og hann náði að bjarga 25 manns frá bráðum bana. 600 manns létust í New York vegna veðurofsans.

If it was not for the business matter you want me to straighten out, I am not so sure that I should have answered your letters. I feel that I have failed you entirely during the years that you needed me most. You have had to struggle through childhood without my assistance and as a grown up man you have had to make your own way in the world also without any assistance from me. Same thing is true about your brother, Bonni, and your sisters. Under such circumstances it seems to me it would be as well for all of you to think of me as one departed. – I know you must have suffered a lot. My life has not been a happy one.⁵⁸

Hér má skynja mikla örvæntingu og skömm hjá Árna yfir eigin hlutskipti og framkomu. Það virðist hafa verið meðvituð ákvörðun að reyna að hylja slóð sína til að þurfa ekki að horfast í augu við fortíðina. Eftir að Jenny dó fundust þessi bréf frá Benedikt til föður síns og lítur allt út fyrir að Jenny hafi falið þau fyrir Árna.⁵⁹

Það var Árna dýrkeypt að falla í ónád hjá Reykjavíkuryfirstéttinni og ná ekki að skapa sér viðskiptatækifæri erlendis. Hugsanlega skorti hann þar félagsauðinn sem hann áður hafði haft aðgang að í gegnum hjónaband sitt. Eftir að Benedikt og systkinin komast að því hvar faðir þeirra var niðurkominn fara þau eitt af öðru að heimsækja hann til Bandaríkjanna og öll nema Ásta hittu hann a.m.k. einu sinni á fullorðinsárum. Ekki er vitað til þess að Árni hafi haft nokkurt samband við Krístrúnu eftir að hann flutti til Bandaríkjanna.

58 „Ef ekki væri fyrir þetta viðskiptamál sem þú óskar eftir að ég greiði úr er ég ekki viss um að ég hefði svarað bréfunum þínum. Mér finnst ég hafa brugðist þér algjörlega á þeim árum sem þú þarfnast mín mest. Þú hefur þurft að streða í gegnum æskuárin án aðstoðar minnar og sem fullorðinn maður verður þú einnig að feta þig áfram í heiminum án minnar ásjár. Þetta á líka við um Bonna bróður þinn og systur þínar. Við þessar aðstæður sýnist mér allt eins gott fyrir ykkur öll að hugsa um mig sem látinn – ég veit að þið hljótið öll að hafa þjáðst mikið. Líf mitt hefur ekki verið dans á rósum.“ (Bein tilvitnun úr bréfi til Benedikts frá Árna Benediktssyni stílað 15. september 1938 og í eigu Árna Tómasar Ragnarssonar. Páll Benediktsson, *Lofklukkan*, bls. 204 og 206.)

59 „At 244 East 79th street, where this letter was addressed to, I used to have a small apartment, and your brother, Kurt, lived there. I would come there to see him, quite frequently during the winter, but only once or twice during the summer months. I believe his mother came there more frequently than I did and must have got hold of your letter. – Kurt's mother passed away in October 1937. Your letter came into my possession not very long ago ...“ (Bein tilvitnun úr bréfi til Benedikts frá Árna Benediktssyni stílað 15. september 1938 og í eigu Árna Tómasar Ragnarssonar.)

Makalausea lífið

Eftir að Kristrún og Ragnar Tómas⁶⁰ komu heim frá Bandaríkjunum vann Kristrún fyrir sér með píanókennslu heima við og virðast þau hafa flutt ört milli íbúða vegna fjárskorts.⁶¹ Árið 1929 hélt hún uppboð á ýmsu verðmætu góssi⁶² sem hún átti því hún hafði ekki lengur í neina fjármuni að sækja. Síðasta píanókennsluauuglýsingin í blöðunum er frá 1938.⁶³ Hún var m.a. aðalkennari Emils Thoroddsen og Markúsar Kristjánssonar og meðleikari Péturs Á. Jónssonar þegar hann kom til landsins. Einnig samdi hún eitthvað af lögum,⁶⁴ m.a. bæði lag og texta „Vögguvísu“ sem birtist í *Barnasöngvum* (1921) og fjallar um móður og dóttur. Raunar er það samið nokkru áður en Kristrún neyðist til að skilja tvær dætur sínar eftir í Ameríku:

Guð verndi öllu illu frá
elskuðu litlu Baldursbrá.
Hún er ósköp sæt og smá
sinni mömmu Dúnu hjá.

Hún tók til við að bróðera stór og íburðarmikil veggteppi, byggð ýmist á hennar eigin eða fornum íslenskum mynstrum. Teppin vöktu það mikla athygli og aðdáun að eitt þeirra var sent sem framlag Íslands á heimssýninguna í New York árið 1939.⁶⁵

Eftir sextugt bjó Kristrún til skiptis hjá sonum sínum, Ragnari á Vesturgötu og Benedikt á Guðrúnargötu.⁶⁶ Þrátt fyrir basl, svik og ósigra

60 Ragnar Tómas Árnason varð síðar þekktastur fyrir ábúðarmikla útvarpsródd sína í ríkisútvarpinu til margra áratuga.

61 Þetta má greina í gegnum reglulegar píanóauglýsingar hennar í dagblöðunum. Fyrsta auglýsingin birtist 1922, nokkrum mánuðum eftir að eiginmaðurinn hvarf, og sú síðasta árið 1938. Fyrir utan Stýrimannastíg og Templarasund koma fyrir sjö mismunandi heimilisföng, þ.e. Kirkjutorg 4, Amtmannsstígur 4, Vatnsstígur 3, Laugavegur 34, Breiðabólstaður á Skerjafirði, Barónsstígur 43 og Mímisvegur 4.

62 Fram kom í ömmufyrirlestri Kristínar Ástgeirsdóttur 6. febrúar 2015, sem nefndist „En amma hafði á öldunni gát og aflann úr fjörunni dró“, að amma hennar hefði keypt forlata skáp á þessu uppboði.

63 Sama ár og svarið berst frá Árna og það losnar um fjármuni á reikningi í Landsbankanum henni til handa.

64 Jónína Vigdís Schram, „Kristrún Tómasdóttir Hallgrímsson píanóleikari“, tekið saman í tilefni afhendingar á nótasafni frá Kristrínu Hallgrímsson til Þjóðskjalasafns Íslands (Afh. nr. 47/2005).

65 Magnús Hjartarson (viðtal 10. febrúar 2015).

66 Árni Tómas Ragnarsson (viðtal 15. júlí 2015).

hélt Krístrún sama virðulega fasinu, klæddist hvítum blúnduhönskum og náði að halda sig meira og minna frá heimilisstörfum og búsjúslu eins og uppruninn bauð henni. Hún hafði bjöllu hjá sér sem hún hringdi ef hana vanhagaði um eitthvað og þá hlupu tengdadóttir og barnabörn hennar til og aðstoðuðu hana eftir megni. Sonardóttir hennar, Krístrún, var á tímabili látin sofa inni hjá henni því það kom fyrir að hana langaði í kaffi um miðjar nætur til að geta sofð betur.⁶⁷ Páll Benediktsson segir einnig frá bernskuminningu um ömmu sína í nýlegri bók sinni, *Lofklukkunni*:

Þar sem frost hafði verið úti og einfalt gler var í gluggum, safnaðist vatn í gluggakistuna þegar hlánaði. Amma klingdi bjöllunni og heimtaði að vatnið yrði þurrkað upp, það væri farið að leka úr kistunni og drippa niður í rúmið. Mamma var þreytt og kom með tusku og vaskafat til gömlu konunnar og sagði henni að þurrka vatnið upp sjálf. Tengdamóðirin varð þá allhvöss á svip, reis upp við dogg og svaraði: „Ég hef hingað til ekki gengið í störf stofustúlkna og ætla ekki að byrja á því á gamals aldri.“ Og við það sat. Fatinu var að því búnu skutlað í strákinn, sem hékk að venju í pilsunum á mömmu, og honum skipað með nokkrum snúð að þurrka bleytuna upp.⁶⁸

Segja má að *habitus* Krístrúnar, sem markaðist bæði af kvenlægri undirökun innan forréttindasamfélagsins en einnig af eigin yfirstéttarstöðu, hafi verið tvíræður. Þrátt fyrir forréttindin sem hún naut vegna stéttarstöðu sinnar olli kynferði hennar ákveðinni jaðarsetningu í opinberu lífi og framavonir voru litlar eftir að hún gekk í hjónaband. Hún átti því ekki sams konar feril í tónlist eins og nánir samstarfsmenn hennar, t.d. Oscar Johanson og Paul O. Bernburg. Jafnframt gat hún ekki hugsað sér að vinna nein hefðbundin störf því slíkt var fyrir neðan hennar virðingu. Hún hafði aldrei sett sig inn í praktísk mál enda fórust þau henni ekki vel úr hendi. Öðru máli gegndi um langömmu mína, Ingibjörgu Hjartardóttur, sem ólst upp við vinnuhörku og lífsbaráttu innan íslenska bændasamfélagsins. Hún brást öðruvísi við sínum óvæntu örlögum.

67 Krístrún Benediktsdóttir (viðtal 12. febrúar 2015).

68 Páll Benediktsson, *Lofklukkan*, bls. 86.

Ingibjörg Hjartardóttir Líndal

Ingibjörg Hjartardóttir Líndal var ættuð frá Efra-Núpi í Miðfirði í Húnavatnssýslu og varð síðar sýslumannsfrú á Borðeyri. Faðir hennar Hjörtur Líndal var hreppstjóri og bóndi og eignaðist ásamt konu sinni Pálínu fimm dætur og einn son og var Ingibjörg elst barnanna. Ingibjörg var hávaxin fyrir konur af hennar kynslóð, grönn og bein í baki. Jarpa hrokkna hárið var jafnan bundið aftur eins og var þá móðins. Myndin á næstu síðu er tekin upp úr 1900 og af henni má sjá að Ingibjörg hefur losað sig undan fjötrum þjóðbúningsins og er fyrst og fremst evrópsk eða dönsk í háttum. Árið 1902 útskrifaðist hún frá Kvennaskóla Húnvetninga, þá 18 ára gömul. Slík menntun var talsverð upphæfð fyrir stúlkur í sveitasamfélaginu.

Ingibjörg þótti aðlaðandi sem ung kona og í minningum ættingja kemur fram að föður hennar þótti mikið til hennar koma. Hann keypti handa henni orgel, sem var fágætt í sveitinni. Ingibjörg vandist því allt frá barnæsku að njóta virðingar og athygli. Pálína móðir hennar þótti vinnu-hörð og krafðist mikillar vinnu jafnt af kaupafólki sem eigin börnum.⁶⁹ Uppeldisaðstæður Ingibjargar voru því allt aðrar en Kristrúnar og mun erfiðara fyrir hana að sinna hugðarefnum eins og hljóðfæraleik, en á orgelið lærði hún samt og lék við kirkjuathafnir á Efra-Núpi.

Móðir hennar var þekkt fyrir tilfinningahörku, þ.e. að hunsa við-kvæmni eða hræðslu. Dæmi um viðbrögð hennar er að finna í sagnakverinu *Skammdegisgestir*⁷⁰ þar sem sagt er frá því að maður að nafni Guðmundur Tómasson hafi orðið úti rétt utan við bæinn á Efra-Núpi og líkið verið geymt í nokkra daga á köldum gangi á leið inn í búr. Vinnukonur veigruðu sér við að sækja matföng inn í búið en Pálína tók því illa og skammaði þær fyrir væskilshátt. Sagan segir svo frá því að Guðmundur hafi vitjað Pálínu í svefni, allur klakaður, og sagt henni að nú skyldi hún læra að óttast. Ætla má að hugmyndir sem þessar hafi mótað *habitus* Ingibjargar sem einkenndist af dugnaði, þrautseigju og hörku.

Ingibjörg festir ráð sitt

Halldór Kr. Júlíusson⁷¹ ólst upp á Klömburum á Vatnsnesi. Líklegt er að þau Ingibjörg hafi þekkt löngu áður en þau tóku saman en af því varð ekki

69 Samkvæmt Aldísi Aðalbjarnardóttur (símtal 14. júlí 2015).

70 Sjá Magnús F. Jónsson, *Skammdegisgestir*, Akureyri: Norðri, 1950.

71 Halldór var barnabarn Halldórs Kr. Friðrikssonar yfirkennara Lærða skólans í Reykjavík.



Mynd af Ingibjörgu Hjartardóttur á póstkorti en á bakhlíð stendur: „Stúlka á Borðeyri“. (Ljósmynd Listasafn Reykjavíkur.)

fyrir en Halldór sneri aftur frá Danmörku að laganámi loknu og tók við sýslumannsembætti á Borðeyri. Halldór og Ingibjörg eignuðust fyrsta barn sitt, afa minn, árið 1908 og var hann skírður í höfuðið á Hirti móðurafa sínum. Þá var Ingibjörg 24 ára og Halldór 31 árs. Halldór hafði áður eignast eitt barn, Eirík, sem ólst upp hjá föðurömmu sinni og afa á Klömbrum.⁷² Níu árum síðar eignuðust þau saman annan dreng sem var andvana fæddur en svo liðu þrjú ár þar til þriðji sonurinn, Birgir, fæddist. Halldór sakaði þá Ingibjörgu um framhjáhald og taldi sig ekki eiga drenginn. Ingibjörg stóð fast á sínu og kenndi Halldóri barnið. Kjaftað var um að símfjórinn ætti drenginn. Í einhverja mánuði stóð rimman á milli

⁷² Þóra Elfa Björnsson (viðtal 22. febrúar 2015).

þeirra en Halldór gaf sig ekki og endaði deilan á þann veg að Ingibjörg yfirgaf heimili sitt.

Hirti afa mínum, sem þá var 12 ára, var gert að ákveða með hvoru foreldrinu hann stæði og þar með hjá hvoru foreldra sinna hann vildi búa. Ingibjörg hélt nú á vit óvissunnar enda naut hún ekki lengur forréttinda embættismannastéttarinnar sem hún hafði tilheyrt í gegnum hjónabandið. Hjörtur afi varð eftir hjá föður sínum sem fljótlega réð til sín unga vinnukonu sem síðar varð eiginkona hans og eignuðust þau sjö börn. Hjörtur staldraði þó ekki lengi við þar sem hann flutti 13 ára til Reykjavíkur til að setjast á skólabeck í Lærða skólanum og hélt þá til hjá föðurfólki sínu, m.a. Thoru Friðriksson⁷³ afasystur sinni.

Karlbúð, vosbúð eða vesturför?

Myndin á næstu síðu var líklega tekin í tilefni þess að Ingibjörg hafði ákveðið að flytjast til Wynyard í Kanada og segja skilið við baslið í Reykjavík en þar hafði hún starfað sem þvottakona í tvö til þrjú ár eftir skilnaðinn. Hjörtur⁷⁴ afi minn talaði aldrei um ár móður sinnar í Reykjavík.⁷⁵ Fátt er því vitað um líf þvottakonunnar með smábarnið. Konur sem töldust ótrúar mönnum sínum fengu á sig óorð. Ingibjörg sat því uppi með skömm. Hún var álitin hafa farið út fyrir þau viðmið sem giltu um eðlilega hegðun kvenna í hjónabandi. Á þessum tíma var jafnframt talið að konur væru með sterkari siðferðiskennnd en karlar en slíkar hugmyndir skertu enn frekar einstaklingsfrelsi þeirra.⁷⁶ Að vera af efri stétt

73 Thora Friðriksson (dóttir Halldórs Kr. Friðrikssonar) var rithöfundur og lét til sín taka í bæjarpólitík Reykvikinga. Hún gaf út fyrstu kennslubókina í frönsku á íslensku, var einn af helstu hvatamönnum að stofnun Alliance française á Íslandi 1911 og sæmd heiðursmerkjum Frakklandsstjórnar.

74 Hjörtur afi minn lauk síðar einleikarprófi á píanó frá austurrískum háskóla en starfaði lengst af sem rithöfundur, þýðandi og eins konar alfræðingur. Einna frægastur var hann fyrir að vinna spurningaþátt Ríkisútvarpsins og þýða fyrsta fræðsluritið um kynlíf sem gefið var út hér á landi árið 1948 ásamt Einari Ásmundssyni hæstaréttarlögmanni. Bókin hét einfaldlega *Kynlíf* og var eftir Fritz Kahn. Síðustu starfsár sín kenndi hann tónlist í Menntaskólanum í Reykjavík.

75 Magnús Hjartarson (viðtal 10. febrúar 2015).

76 John Stuart Mill ræðir um þetta í bók sinni *Kúgun kvenna* sem birtist fyrst á prenti hér á landi um aldamótin 1900 (bls. 223–225). Hann hafnar algjörlega hugmyndinni um að konur séu minni vitsmunaverur en karlar og stjórnist meira af tilfinningum en þeir en telur þó að þær hafi meiri siðferðiskennnd. Sigríður Matthíasdóttir rekur svo í bókinni, *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngerfi og vald á Íslandi 1900–1930*, hvernig ákveðinn hópur norskra kvenréttindakvenna nýtti sér hugmyndina um æðri siðferðiskennnd kvenna í baráttu sinni fyrir kosningarétti á þeim forsendum að mikilvægt væri að „stjórn málin nytu góðs af eðlislægum kvenleika og að hann yrði viðurkenndur sem göfgandi afl í opinberu lífi“ (bls. 182–183).



Ingibjörg með sonunum Hirti og Birgi – rétt áður en hún yfirgaf landið og Hjört eldri soninn og hélt vestur um haf. (Ljósmyndasafn Reykjavíkur.)

gaf konu ekki sams konar byr til orðs og æðis og karlmanni. Ingibjörg sá sér þann kost vænstan að yfirgefa Reykjavík og flýja lauslætisstimpilinn alla leið til Ameríku. Benedikt bróðir hennar reyndi að telja henni hug- hvarf en hún lét sig ekki.⁷⁷ Sagt er að Halldór sýslumaður hafi fengið að finna fyrir andúð fjölskyldunnar á honum en Hjörtur Líndal, faðir Ingibjargar, hafði sterka stöðu meðal sveitunga sinna.⁷⁸

Myndin á næstu síðu er tekin af þeim feðgum áður en til skilnaðar kemur. Móðirin og eiginkonan Ingibjörg er ekki höfð með. Það má velta því fyrir sér hvort brestir hafi þá þegar verið komnir í samband þeirra.⁷⁹

Vel heppnuð Ameríkudvöl

Hjörtur heimsótti móður sína einu sinni til Kanada, en það var árið 1938 þegar hún bjó enn í Wynyard. Fljótlega upp úr því flutti hún til New York borgar. Hún rak þar lítið gistiheimili (pensjónat) og margir þekktir Íslendingar dvöldu þar á ferðum sínum til borgarinnar, þ.á m. Halldór Laxness og Guðmunda Elíasdóttir óperusöngkona. Ingibjörg hafði reyndar mikil áhrif á framgang Guðmundu í óperusöng þar sem hún þekkti vel þann vettvang í gegnum Birgi son sinn:

77 Hjördís Aðalbjarnardóttir (júlí 2015).

78 Þóra Elfa Björnsson (22. febrúar 2015).

79 Það má spyrja hvort það hafi verið algengt að teknar væru myndir af yfirstéttarhöfðum og syni óháð öðrum fjölskyldumeðlimum.

Makalausar formæður

Sýslumaðurinn á Borðeyri
Halldór Júlíusson og Hjörtur
afi minn. Hjörtur varð eftir
hjá föður sínum þegar
Ingibjörg og Halldór skildu.
(Ljósmynd í einkaeigu.)



Það var Íslendingur sem rauð hljóðmúr minn að lokum. Ingibjörg Halldórsson, móðir Birgis Halldórssonar söngvara, rak lítið pensjónat á 105. götu. Dag einn kom hún til mín og tjáði mér að óperufélag, sem nefndi sig því hógværa nafni Broadway Grand Opera Association, hefði auglýst eftir nýjum söngvurum og héldi prufur sama dag.

- Uss, ég hef ekkert þangað að gera, svaraði ég.
- Það er fjárans sama, þú kemur með mér, sagði

Ingibjörg snögg.

Og þar við sat. Hún dró mig niður í Metropolitan-óperu, en þar hafði óperufélagið æfinga- og sýningarhúsnæði, líkt og fjölmargir minni óperuhópar sem héldu til í hliðarstrætum Broadway og gengu undir samheitinu Off-Broadway Companies.⁸⁰

Í stuttu máli leiddi þessi hvatning og eftirfylgni Ingibjargar til þess að Guðmundi var ráðin á staðnum og söngferill hennar hófst fyrir alvöru.

⁸⁰ Ingólfur Örn Margeirsson, *Lífsgátning: Endurminningar Guðmundu Elíasdóttur söngkonu* (2. útgáfa), Nýhöfn, 2011, bls. 132.

Þessi litla saga varpar ljósi á skapgerð Ingibjargar. Hún var fylgin sér og tók engar afsakanir eða úrtölur gildar. Birgir nam klassískan söng og varð síðar bóndi á Víðinesi í Kjalarneshreppi, kórstjóri og óperusöngvari. Ingibjörg gerðist mjög trúuð. Þegar hún bjó á Manhattan varð hún mikil stuðningskona Billy Grahams sem var einn frægasti predikari Bandaríkjanna á þeim tíma. Hún sendi gjafir um hver jól til barnabarnanna og skrifaðist eitthvað á við Hjört son sinn.⁸¹

Ingibjörgu fannst erfitt að sitja undir ásökunum um rangfeðrun og var mjög reið Halldóri. Faðernið var aldrei viðurkennt af meginættboga Halldórs⁸² og sögurnar yfirsterkari meyarorðum sem enginn skyldi trúa.⁸³ Hún lét einhvern tíma þau orð falla að „það vildi ég að guð gæfi að blóðið úr Halldóri rynni ekki í æðum Birgis“.⁸⁴ Þetta gefur innsýn í staðfestu hennar og skaplyndi.

Umræða og lokaorð

Það er margt í sögu formæðra minna sem markast af kynferði þeirra og umhleyplingasamri stéttarstöðu. Hvorug þeirra giftist aftur en báðir eiginmenn þeirra kvæntust og eignuðust fleiri börn með talsvert yngri konum. Ingibjörg og Krístrún misstu báðar börn frá sér í kjölfar þess að verða einstæðar. Það var algengt og í því sambandi er viðeigandi að minnast Guðnýjar Jónsdóttur⁸⁵, prestsdóttir af Grenjastaðaætt, sem var ömmusystir Krístrúnar. Guðný ógnaði stöðu húsbónda síns með ljóðmælggi og orðsnilld. Hann skildi við hana⁸⁶ og í kjölfarið var heimili hennar leyst upp og hún missti tvö börn sín frá sér:

81 Bréfin virðast því miður vera glötuð.

82 Þóra Elfa Björnsson (viðtal 22. febrúar 2015).

83 „Meyjar orðum, skyli manngi trúa, né því er kveður kona“ segir í Hávamálum, gildasafni Íslendinga í mörg árhundruð.

84 Þetta er haft eftir Hólmfriði, konu Sigvalda, en hann var móðurbróðir Ingibjargar. Ingibjörg lét þessi orð falla eftir að hún kom heim frá New York. (Sigrún Aðalbjarnardóttir, tölvupóstur 1. febrúar 2015.)

85 Guðný Jónsdóttir var fyrsta konan til að fá ljóðabálk eftir sig opinberlega birtan, en hann kom út í *Fjölni* árið 1837.

86 Haft er eftir Árna Halldóri Hannessyni að maður Guðnýjar, Sveinn, hafi viljað fást við ljóðagerð en ekki haft gáfur á því sviði. Hann lýsir því að þau hafi verið í samkvæmi og „hafi legið fyrir honum að svara einhverju orði eða setningu, og hafi hann ei getað, en hún hafi þá tekið að sér hans vegna að svara, hafi honum mislíkað svo mjög að hann gat ei orðið meiri og hafi ekki viljað láta hana gjöra sér oftast slíka hneisu“ (sjá umfjöllun og tilvitnun í Helga Kress, „Gegnum orðahjúpinn: Líf og ljóð Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar – Studia theologica islandica* 28 (2009), bls. 37–57.

Myrkt er af kvíða,
meybarnið fríða
menn frá mér taka.
Faðmur er snauður,
alheimur auður,
oft mænt til baka.⁸⁷

Langömmur mínar urðu þó ekki barnlausar með öllu eins og Guðný. Brotthvarf Árna og Ameríkuferðin reyndist þó Krístrúnu svo dýrkeypt að einungis Ragnar Tómas ólst upp hjá henni næstu ár á eftir. Hin börnin fjögur dreifðust á aðrar fjölskyldur, þar á meðal Unnur amma mín sem hélt áfram að dvelja hjá Ástu Júlíu móðurömmu sinni eftir að móðirin kom til baka frá Ameríku. Ingibjörg varð svo viðskila við Hjört eldri son sinn þegar Birgir yngri bróðir hans kom til sögunnar.

Krístrún og Ingibjörg sátu báðar uppi með þá skömm sem fylgdi hjónaskilnaði þess tíma. Hjá Ingibjörgu fólst skömmin í að fá á sig lauslætisstimpil í kjölfar skilnaðar, að vera ótrú manni sínum. Skömmin hjá Krístrúnu var fólgin í því að vera skilin eftir ein með fimm börn og lúta í lægra haldi fyrir alþýðukonu. Einstæðingsskapur Ástu Júlíu stafaði ekki af skilnaði eða forboðinni ást heldur fráfalli ástkærs eiginmanns sem hafði skapað sér sterka stöðu í þjóðfélaginu með menntun sinni og starfi. Ólíkt Ingibjörgu og Krístrúnu skipaði hún eftir sem áður mikilvægan sess í samfélaginu og meðal mektarkvenna í Reykjavík. Hún hélt táknrænu auðmagni sínu eftir makamissi.

Það má segja að þau Krístrún og Halldór Júlíusson, sem bæði voru yfirstéttarfolk, hafi verið í afar ólíkri stöðu þegar þau stóðu frammi fyrir ætluðu eða raunverulegu framhjáaldi maka. Þrátt fyrir æðri stéttaruppruna gat kona aldrei verið hafin yfir mann sinn eða hvatir hans. Hún átti í raun fáa aðra kosti en að fyrirgefa og gera gott úr orðnum hlut, jafnvel þótt framhjáaldsbörnin væru orðin tvö. Annars var stéttarfall óhjákvæmilegt. Einstæð móðir, hver sem uppruni hennar var, gat sjaldnast leyft sér að lifa hátt. Grunur Halldórs um að hann ætti ekki Birgi var aftur á móti nægilegur að hans mati til að slíta hjónabandinu. Sú gjörð svipti hann hvorki heiðri né stöðu. Túlka má það sem svo að bæði hjónaböndin hafi skaddast

87 Guðný Jónsdóttir, úr Guðnýjarkveri er höfundur, sjá nánar í Helgu Kress, „Gegnum orðahjúpin: Líf og ljóð Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum“.

vegna forboðinnar ástar þeirra Árna og Ingibjargar á einstaklingum sem stóðu nær þeirra eigin alþýðuuppruna.

Túlkun mín hér að framan varpar ljósi á hversu erfitt það var fyrir konur að hafa lífibrauð og öðlast virðingarsess sem einstæðar mæður eftir skilnað fyrir tíma velferðarkerfa og kvenfrelsis og jafnvel til að eiga möguleika á að ala upp eigin börn. Að mörgu leyti brugðust þessar ólíku konur við með svipuðum hætti. Þær eltu vonina sem ameríski draumurinn gaf fyrirheit um, þ.e. um að geta haldið áfram að lifa „virðingarverðu lífi“ og skapa börnum sínum tækifæri í efri lögum samfélagsins. Ingibjörg var í raun betur undir það búin að takast á við óvænt hlutskipti sitt þar eð hún vandist erfiðisvinnu frá blautu barnsbeini og því að þurfa að berjast fyrir sínu. Krístrún fæddist inn í heim æðri menningar og lærði til lista. Hún gerði ekki ráð fyrir brauðstritinu. Það hentaði henni illa að „öllum konum væri ætlað að ganga hjúskaparbrautina og vera ella settar út á guð og gaddinn“ þar sem allar konur voru dæmdar til að gegna sömu stöðu í lífinu, hvernig sem „hæfileikum þeirra og skaplyndi væri farið“.⁸⁸

Stéttarfall Krístrúnar reyndist því mun dramatískara. Hún hafði dvalið í heimi efristéttunga frá blautu barnsbeini en Ingibjörg aðeins fengið að njóta þeirra forréttinda í nokkur hjónabandsár. Vanmáttur Krístrúnar var einnig fölginn í áföllum, þ.e. að eiga mann sem lætur sig hverfa og svo að þurfa að skilja tvö börn sín eftir í Ameríku þegar hún hélt aftur heim á leið. Endurtekin áföll hafa lamandi áhrif. Ingibjörg hins vegar vissi að Hjörtur sonur hennar myndi lifa í vellystingum hjá föðurfólki sínu.

Sögur af ættmennum og tengingar við þau eru stór þáttur í sjálfsmyndarsköpun fólks, ekki síst hér á Íslandi þar sem félagsauður hefur lengi verið nátengdur ætterni. Í samfélagi nútímans er látið að því liggja að sjálfsmynd sé fyrst og fremst ákvörðun um lífsstíl. En smekkur, tilfinningar og hugmyndir okkar mótast í sögulegu og félagslegu samhengi⁸⁹ og þar hefur saga kynslóðanna og fjölskyldan gríðarlegt vægi. Minn eigin *habitus* mótaðist af gildum vinnandi fólks í sveitinni í svipuðum dúr og Ingibjörg ólst upp við; þar ríkti vinnuharka og kvengildið var metið út frá húsmóðurhæfi, en einnig ósérhlífni, hugrekki og verkviti. Mikilvægt þótti að kunna til verka bæði innanhúss og utan sem og að standa sig vel í skóla.

88 Þessi klausa er úr skrifum Bríetar Bjarnhéðinsdóttur „Framtíð dætra vorra“ sem birtist í *Kvenna-bláðinu* 20. mars 1910. Sjá Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur: Djúðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*, bls. 222–223.

89 Beverley Skeggs, *Class, Self, Culture*, London: Routledge, 2004.

Að lesa bók, æfa á hljóðfæri eða skemmta sér var munaður sem hægt var að leyfa sér eftir að öllum öðrum skyldum hafði verið sinnt.

Viðskilnaðurinn við móðurina sat ávallt í Hirti afa mínum og hvarf Árna olli erfiðum tilfinningum hjá Unni ömmu minni og systkinum. Óuppgerðar tilfinningar eru hluti af þeim menningararfi sem flyst milli kynslóða og marar í hálfu kafi.⁹⁰ Umhleyppingar í félagslegri stöðu sem báðar þessar formæður mínar þurftu að takast á við setja svip sinn á tilfinningar og stöðu næstu kynslóða á eftir. Í einhverjum skilningi er saga þeirra saga mín.

Útdráttur

Hér fjallar höfundur um ömmur föður síns sem fæddust um 1880 og voru á fertugsaldri þegar heldri konur fengu kosningarétt á Íslandi. Móðurmóðir föðursins, Kristrún Tómasdóttir Hallgrímsson Benediktsson, átti uppruna sinn í hefðarslektum fámennrar borgarastéttar Íslands. Hún þótti fara út fyrir einstigi stéttarsóma síns þegar hún féll fyrir talsvert yngri og óþekktum bóndasyni að vestan. Föðurmóðir föðursins, Ingibjörg Hjartardóttir, var hreppstjóradóttir frá Efra-Núpi í Húnavatnssýslu. Hún giftist ættstórum sýslumanni, Halldóri Kr. Júlíussyni, sem var sjö árum eldri en hún og átti þegar einn son. Þessar formæður höfundar áttu það sameiginlegt að verða karlmannslaugar með ung börn sín í upphafi 20. aldar; í kulda og trekki feðraveldis, nokkuð sem hafði afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífshlaup þeirra, möguleika og virðingarsess. Þó beittu þær báðar ýtrustu útsjónarsemi við að láta drauma sína rætast og reyndu fyrir sér í Ameríku. Það er ekki mikið til af opinberum gögnum um líf þeirra en víða leynast upplýsingar um lífshlaup þeirra og vísbendingar um drauma og væntingar, meðal annars í skáldsögum um eiginmenn þeirra, ritverkum um feður þeirra og svo minningum aðstandenda.

LYKILORÐ: samtvinnun, kyn, félagsleg staða, veruháttur, kvenleiki, söguleg frásögn, feðraveldi

90 Faðir minn var óviss um faðerni mitt og fór fram á blóðprufu. Hún leiddi það sanna í ljós. Flóttinn og vantraustið eru leiðarstef í afasögnum hér á undan sem faðir minn braut upp með komu sinni í sveitina átta árum síðar og ávarandi traustu sambandi þar á eftir.

Abstract

This chapter contains sociological analysis and historical narrative concerning the grandmothers of the author's father. They were born around 1880, and were in their forties when women older than 40 years of age were granted suffrage in Iceland. Krístrún Tómasdóttir Hallgrímsson Benediktsson was born into one of the few Icelandic families that could be considered bourgeois at the time, possessing a great deal of family capital accumulated over several generations. Despite her culturally rich and elitist upbringing, Krístrún (34) fell in love with a man nine years her junior, a handsome farmer's son (26), who had grown up in isolation and poverty in the Western Fjords of Iceland. The other grandmother, Ingibjörg Hjartardóttir Halldórsson, was the daughter of a farmer and district administrative officer and grew up at Efri-Núpur in Húnavatnssýsla. She married a county magistrate, Halldór Kr. Júlíusson, whose family status was high in Reykjavík, both financially and culturally. His grandfather, Halldór Kr. Friðriksson, was the first headmaster of *Lærði skólinn*, the first junior college in Iceland. The author's great grandmothers were both among the few women in early 20th century Iceland who could be considered upper-class. Both became divorcees with young children in a deeply patriarchal society, which led to drastic transitions in their lives and opportunities, and in their status as respectable women. They therefore had to make use of all their ingenuity to fulfil their upper-class dreams, and both tried to find a better future for themselves in America. There are not many historical sources to rely on when writing up their stories, but some indications of their hopes and dreams can be found in narratives about their husbands and fathers, and there are also their families' memories of them.

KEYWORDS: intersectionality, gender, social class, habitus, womanhood, middle-classness, historical narrative, patriarchy